



Kópavogsbær

Ný sóknarfæri í starfsemi menningarhúsanna

Tillögur bæjarstjóra

Bæjarstjórn 25. apríl 2023

Ný sóknarfæri í starfsemi menningarhúsa (1/2)

- Listir, menning og blómlegt mannlíf gera góðan bæ enn betri. Auðugt lista og menningarlíf veitir innblástur og stækkar sjóndeildarhringinn. Menning og listir spila lykilhlutverk í því að búa til fallegan bæjarbrag sem eykur ímynd og hróður Kópavogs og gerir hann eftirsóknarverðari stað til að búa á.
- Áratugur er liðinn frá því síðast var úttekt gerð á starfsemi menningarhúsa í Kópavogi. Á þeim tíma hefur samfélagið gengið í gegnum breytingar á flestum sviðum mannlífsins.
- Með hliðsjón af úttekt KPMG gefst tækifæri til að endurskoða starfsemina, bjóða upp á nýja og spennandi valkosti þannig að starfsemin uppfylli enn frekar þarfir og væntingar bæjarbúa.
- Menningarhús Kópavogs eru flaggskip bæjarins og þar liggja mikil tækifæri. Mikilvægt er að menningarstarfið í bænum sé í takt við tímann og fangi þau tækifæri sem samtíminn býður upp á hverju sinni.




Ný sóknarfæri í starfsemi menningarhúsa (2/2)

- Tillögur bæjarstjóra snúa að því að endurhugsa starfsemi menningarhúsa, samþætta betur starfsemi stofnana og bjóða upp á nýja og spennandi valkosti þannig að menning í Kópavogi uppfylli enn frekar þarfir og væntingar bæjarbúa, unga sem aldna.
- Til grundvallar við mótun tillagna er skýrsla KPMG, samtöl og samráð við forstöðumann menningarmála, umsagnir forstöðumanna stofnana og starfsfólks.



Ný sóknarfæri í starfsemi menningarhúsa

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með hvernig sveitarfélagið sinnir menningarmálum?



Samráðs var gætt á öllum stigum (1/2)

Samráðsferlið hófst í árslok 2022

15. desember. Á fundi Lista- og menningarráð var lögð fram kynning á fyrirhugaðri úttekt KPMG. Þar sem lögð var fram eftirfarandi bókun:

„Lista- og menningarráð fagnar úttekt sem ráðist verður í á starfsemi menningarhúsanna.“

15. desember. Bæjarstjóri upplýsti bæjarráð um úttektina

22. desember. Fundargerð lista- og menningarráðs og bókun ráðsins lögð fyrir bæjarráð

10. janúar. Fundargerð lista- og menningarráðs samþykkt í bæjarstjórn

21. mars. Vinnufundur með bæjarfulltrúum þar sem fulltrúar KPMG fara yfir úttektina og svara spurningum

22. mars. Skýrsla KPMG kynnt á fundi lista- og menningarráðs þar sem fulltrúar KPMG fara yfir úttektina og svara spurningum



Samráðs var gætt á öllum stigum (2/2)

Samráðsferlið framhald

- 28. mars. Tillögur bæjarstjóra að nýjum sóknarfærum í starfsemi menningarhúsa lagðar fram í lista- og menningarráði
- 30. mars. Tillögur bæjarstjóra að nýjum sóknarfærum í starfsemi menningarhúsa lagðar fram í bæjarráði
- 4. apríl. Fundur með starfsfólki þar sem skýrsla KPMG er til umræðu
- 11. apríl. Umsagnir forstöðumanna á skýrslu KPMG lagðar fram í lista- og menningarráði
- 11. apríl. Tillögur bæjarstjóra lagðar fram til staðfestingar í lista- og menningarráði án mótatkvæða og vísað til afgreiðslu í bæjarráði
- 13. apríl. Tillögur bæjarstjóra lagðar fram í bæjarráði og vísað til staðfestingar í bæjarstjórn
- 19. - 21 apríl. Kynning á tillögum fyrir forstöðumönnum.
- 25. apríl. Tillögur kynntar á starfsmannafundi og lagðar fram í bæjarstjórn til staðfestingar



Tillögum má skipta í tvær megin áherslur

Áhersla 1. Ný hugsun í samþættingu og starfsemi menningarhúsa

Áhersla 2. Endurhugsa starfsemi einstakra stofnana



Ný hugsun í starfsemi menningarhúsa

Með endurskipulagningu og innleiðingu á nýrri menningarstefnu Kópavogs skapast tækifæri til að skapa menningarmiðstöð í formi upplifunar- og fræðslurýmis sem verður einstakt á landsvísu, rými þar sem bæjarbúar allir eiga erindi.

- **Tillaga:** Skapa nýtt upplifunar- og fræðslurými sem tengir saman bókmenntir, myndlist, náttúruvísindi og tónlist fyrir börn og fjölskyldur á fyrstu hæð Bókasafnsins og Náttúrufræðistofu.

Með tillögunum er verið að endurhugsa starfsemi Bókasafnsins, Náttúrufræðistofu og hanna rými þannig að það megi nýtast öllum bæjarbúum.

Gert er ráð fyrir að einn starfsmaður stýri umsjón rýmisins. Lagt er til að lista- og menningarráð komi að stefnumótunarvinnu við gerð rýmisins í samstarfi við stjórnendateymi menningarmála.

Áætlaður kostnaður við hönnun og uppbyggingu á rýminu verða um 50 milljónir króna sem gert verður ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2024. Gangi áætlanir eftir verður rýmið tekið í notkun á sama ári.



Ný hugsun í starfsemi menningarhúsa

MEKÓ menningarmiðstöð verður einstök á landsvísu, staður þar sem renna allt í senn saman lifandi og skapandi vettvangur fyrir börn og miðstöð bókmennta, myndlistar, náttúruvísinda og tónlistar.

Dæmi um það sem gæti verið að finna í rýminu:

- Náttúrufræðisýning sem flæðir um rýmið
- „Maker-space“ m.a. 3D prentarar, tölvur með hönnunarforrit, stenslar til að hanna og skapa
- Vísindasmiðja
- Hljóðupptökuver
- Sérhannað smiðjuherbergi fyrir börn
- Pop-up lista- og náttúrufræðisýningar
- Tímahjól um jarðsögu Íslands
- Aðstaða fyrir foreldra ungbarna, geymsla barnavagna
- Fjölnotasalur með færanlegum sætum



Ný hugsun í starfsemi menningarhúsa

Til að tryggja aukna samþættingu í starfseminni verður gert ráð fyrir einni starfsstöð fyrir allt fræðslu-, viðburða-, kynningar- og markaðsstarf Bókasafns Kópavogs, Náttúrufræðistofu, Gerðarsafns og Salarins.

- **Tillaga:** Virkja enn frekar samstarf milli menningarhúsa með sérstöku tengslatorgi starfsmanna þvert á húsin sem sinna fræðslu, viðburðum, skólahópum, kynningar- og markaðsmálum.

Með þessu skapast öflugt teymi, samvinna og samlegðaráhrif sem ýtir undir enn kraftmeiri starfsemi MEKÓ.

Rík áhersla verður lögð á viðburði, sýningar og fræðslu fyrir alla bæjarbúa, unga sem aldna.



Áhersla 1. Ný hugsun í starfsemi menningarhúsa



Áhersla 1. Ný hugsun í starfsemi menningarhúsa



Áhersla 1. Ný hugsun í starfsemi menningarhúsa



Tillögum má skipta í tvær megin áherslur

Áhersla 1. Ný hugsun í samþættingu og starfsemi menningarhúsa

Áhersla 2. Endurhugsa starfsemi einstakra stofnana



Bókasafn Kópavogs

Bókasafn Kópavogs er eitt stærsta bókasafn landsins. Megin áhersla í starfsemi bókasafnsins verður að horfa til þess sem best er gert á Norðurlöndum þar sem sjálfvirknivæðing verður eflid og stefnt að nýjum og spennandi rýmum sem börn og almenningur geta nýtt sér.

Tillaga: Áhersla verður lögð á að auka sjálfsafgreiðslu. Starfslýsingum verður einnig breytt og aðlagaðar nýjum áherslum.

Með auknu og markvissu samstarfi bókasafnsins við Náttúrufræðistofu, Gerðarsafn og Salinn bjóðast óþrjótandi tækifæri til nýsköpunar þvert á list- og vísindagreinarnar.

Samhliða breyttum áherslum verður starfslýsingum breytt. Þá mun aukin áhersla á sjálfsafgreiðslu leiða til þess að stöðugildum bókavarða á bókasafninu fækkar um 1,85.



Breytt hugsun: Opin bókasöfn

„Nýjasta nýtt í framþróun þessara mála er svo það sem við köllum Opið bókasafn sem verður í Sólheimum og í Kringlunni. Þegar ég segi „opið bókasafn“ þýðir slíkt að hægt að komast utan hefðbundins afgreiðslutíma og án þess að starfsfólk sé í húsi. Notendur skrá sig inn með bókasafnsskírteini og rafrænum skilríkjum og er einfaldlega treyst til að ganga vel um. Geta þá til dæmis snemma morguns og fram á kvöld sótt safnaefni, skilað, lesið og notið. Í Danmörku eru nánast öll bókasöfn komin með slíka opnun og önnur Norðurlönd fylgja fast á eftir. Vonandi getum við tekið opnu söfnin í gagnið á næstu mánuðum. Fyrst í Sólheimum og Kringlu og á næstu misserum koma svo þar inn Grafarvogur og Árbæjarhverfi.“

Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörð í Morgunblaðinu 15. apríl 2023



Náttúrufræðistofa (1/3)

Náttúrufræðistofa Kópavogs státar af einstökum safngripum, fjölbreyttu fuglasafni, berg- og steinasafni auk eins stærsta skeldýrasafns landsins.

Tillaga: Safneign Náttúrufræðistofu, fræðsla, miðlun og rannsóknir á henni færast undir forstöðumann Gerðarsafns. Þar sem unnið verður að stóraukinni áherslu á sýningarhald úr safneign og í samstarfi við aðra aðila.

Með þessum breytingum fær náttúrufræðisafnið aukið vægi með áherslu á fjölbreytt sýningarhald, rannsóknir, miðlun og viðburði. Þá verður áhersla lögð á aukna samþættingu á fræðslu- og rannsóknarstarfi. Gerðarsafn og Náttúrufræðistofa verða enn sjálfstæð, sérhæfð og viðurkennd söfn á sínum sérsviðum.

Fjölbreyttur ávinningur er talinn felast í tilfærslu safneignar Náttúrufræðistofu undir forstöðumann Gerðarsafns, þar sem fyrir er mikil þekking og reynsla á sviði sýningarhalds, varðveislu og miðlunar. Umtalsverð tækifæri felast í samþættingu beggja safnanna með sýningarhaldi og viðburðum svo ekki sé minnst á samstarf við bókasafnið og Salinn.



Náttúrufræðistofa (2/3)

Samhliða þessum breytingum er eftirfarandi lagt til.

Tillaga: Rannsóknarstarfsemi, önnur en á safneign, og vöktun á vatnalífríki verður lögð niður og færð öðrum í samstarfi við Kópavogsbæ.

Með þessum breytingum verður rannsóknarstofa Náttúrufræðistofu lögð niður í núverandi mynd. Mikilvægt er hins vegar að þeim rannsóknum sem þar eru unnar verði fundinn nýr farvegur í samstarfi við Kópavogsbæ.

Náttúrufræðistofu ber að sinna rannsóknum til að halda viðurkenningu Safnaráðs. Áfram verður því áhersla lögð á rannsóknir á safninu og vísindastarf þó í breyttri mynd.

Núverandi forstöðumanni Náttúrufræðistofu verður boðin staða sérfræðings í hinu nýja fyrirkomulagi. Með samrekstri Gerðarsafns og safneign Náttúrufræðistofu undir einn forstöðumann og með niðurlagningu á rannsóknarstofu Náttúrufræðistofu í núverandi mynd fækkar stöðugildum um 5,25. Við samrekstur safnanna verður nettó fækkun stöðugilda 2,25.



Náttúrufræðistofa (3/3)

- Viðurkennd söfn þurfa að sinna bæði ytra starfi (sýningum, viðburðum og kynningarmálum) og innra starfi (umsjón safneignar, skráning og rannsóknir) til að halda viðurkenningu.
- Þrátt fyrir breyttar áherslur í Náttúrufræðistofu verður því áfram nauðsynlegt að hafa fagfólk sem sinnir ólíkum hliðum safnastarfs.
- Nauðsynlegt er að halda í sérfræðipækkingu og sérstöðu Náttúrufræðistofu og sinna rannsóknarstarfsemi innan safnsins þó það verði með aukinni áherslu á miðlun þeirra rannsókna í sýningum og fræðslu, rannsóknum á safneign auk víðtækari rannsóknum sem tengjast áherslum safnsins, svo sem á umhverfismálum og náttúrunni í umhverfi safnsins.
- Ekki er verið að leggja niður safn Náttúrufræðistofu eða hverfa alfarið frá rannsóknum. Heldur er verið að sameina rekstrarþætti og vinna áfram að faglegu starfi viðurkennds safns með aukinni áherslu á samfélagslegt-og fræðsluhlutverk safnsins.
- Staða Náttúrufræðistofu sem eitt af fáum náttúrufræðisöfnum landsins sem sinnir sýningarhaldi og fræðslustarfi og með breyttum áherslum mun eflast enn frekar.



Gerðarsafn

Gerðarsafn er eina safnið á landsvísu sem tileinkað er listakonu. Þar er að finna þriðju stærstu safneign landsins. Í safninu er lögð áhersla á að bjóða upp á menningarupplifun þar sem öll eru velkomin óháð efnahag og samfélagsstöðu, með sérstakri áherslu á þátttöku og menntun barna í skapandi greinum. Með áherslu sinni í sýningarhaldi og öfluggu fræðslu- og viðburðastarfi hefur aðsókn á safnið ríflega fjórfaldast á síðastliðnum árum.

Tillaga: Lagt er til að opnunartíma verði breytt í takt við breyttar þarfir í samráði við forstöðumann

Tillaga: Aukin áhersla á námskeið og fræðslu á vegum safnsins til dæmis kvöldnámskeið sem tengja saman menningu og list. Aukin áhersla verður einnig á að sækja nýjar tekjur til safnsins.

Með breyttum opnunartíma skapast tækifæri til að endurhugsa starfsemi safnsins og sækja fram til dæmis með útleigu á sölum. Þá skapast rými til að hafa sérviðburði á kvöldin mögulega í samstarfi við veitingastað safnsins sem verður opinn fram á kvöld nokkra daga í viku.

Við samrekstur tveggja safna undir einn forstöðumann, Gerðarsafn og Náttúrufræðistofu, bætast við þrjú stöðugildi. Heildaráhrif á stöðugildi við samrekstur safnanna er hins vegar fækkun um 2,25.



Héraðsskjalasafn

Ljóst er að mikið viðhald er nauðsynlegt á húsnæði safnsins til að koma því í viðunandi ástand, auk þess sem safnkosturinn hefur stækkað langt umfram rými húsnæðisins til móttöku gagna. Þá liggur fyrir að mikil stafræn þróun á þessu sviði er framundan með það að markmiði að gera gögnin aðgengileg og afhendingartæk.

Tillaga: Héraðsskjalasafn verði lagt niður og farið í samvinnu við Þjóðskjalasafn um að taka við safnkostinum og skjölum Kópavogsbæjar verði eftirleiðis skilað til Þjóðskjalasafnsins. Samfara þessum breytingum verður einkasöfnum, ljósmyndasafni Kópavogs og Sögufélagi Kópavogs tryggð aðstaða og áframhaldandi starfsemi í stofnunum bæjarins.

Rík áhersla verður lögð á að varðveita menningarleg verðmæti Kópavogsbæjar. Lagt er upp með að einkasöfn sem Kópavogsbæ hafa verið afhent, verði færð Bókasafni Kópavogs til varðveislu, sem og ljósmyndasafn Kópavogs. Jafnframt að Sögufélagi Kópavogs verði tryggð aðstaða í húsnæði bókasafnsins til sinnar starfsemi. Niðurlagning safnsins verði unnin í samstarfi við sérfræðinga á þessu sviði.

Stöðugildi við safnið eru 3 og verða þau öll lögð niður.



Salurinn

Salurinn er eitt af helstu kennileitum Kópavogsbæjar og stolt bæjarbúa. Húsið sjálft er í raun bæði í senn listaverk og hljóðfæri. Það er eitt af örfáum húsum á landinu sem er byggt sérstaklega til tónlistarflutnings og því afar mikilvægt að það standi áfram í fremstu röð sem vettvangur fyrir tónlistarflutning og sköpun.

Tækifæri eru hins vegar til að blása til sóknar í bæði úrvali og fjölda viðburða Salarins og tækifæri til að endurskoða núverandi fyrirkomulag.

Tillaga: Stofnaður verði starfshópur sem komi með tillögur til bæjarstjóra um hvernig unnt er að fjölga viðburðum og komu gesta. Þá verði meðal verkefna starfshópsins að kortleggja kosti þess og galla við að útvista rekstri Salarins.



Ný sóknarfæri í starfsemi menningarhúsa

- Með tillögunum skapast tækifæri fyrir Kópavog til að skapa sér algera sérstöðu í rekstri menningarstofnana. Byggja upp öflugar menningarstofnanir í þéttu skipulagi með nánu samstarfi á milli menningarhúsanna í Kópavogi. Lega húsanna er einstök horft til nágrannasveitarfélaga og samgöngur mjög góðar.
- Þó margt sé vel gert í menningarstarfi Kópavogs þýðir ekki að við getum ekki haldið áfram og tekið næsta skref í átt að spennandi tímum.
- Með tillögunum er verið að útvíkka hugmyndafræði menningarhúsanna og með nýju upplifunar- og fræðslurými á fyrstu hæð bókasafnsins verður aukin áhersla á samþættingu á starfi menningarstofnana á sviði bókmennta, vísinda, lista og tónlistar.
- Við breytingarnar er fjármunum forgangsraðað með öðrum hætti en áður. Lögð verður áhersla á uppbyggingu á upplifunar- og fræðslurými og áætlað að rýmið verði tekið í notkun á árinu 2024. Með nýrri nálgun á þjónustu og starfsemi stofnana og aukinni samþættingu milli stofnana er hagræðing í rekstri um 50 milljónir króna á ársgrundvelli.



